

STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 1998

31. ágúst 1998

1695

Nr. 519

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts og útflutningsgjald.

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, og að tillögu Bændasamtaka Íslands frá 30. ágúst 1998, hefur verið ákveðið að hlutfall dilkakjöts af haustslátrun 1998, sem flutt verði á erlendan markað, skuli vera 15%. Engin útflutnings-skylda verði á kjöti af fullorðnu fé.

Þá hefur verið ákveðið, samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1998-1999, sbr. 5. mgr. 29. gr. greindra laga, verði kr. 166 á hvert kg af dilkakjöti.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, og óðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

2. september 1998

Nr. 520

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 377/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á papriku (annarri en grænni) í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0709.6003	Paprika, lituð	04.09.-30.09.98	ótilgr.	15	199

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. september 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um skráningu samninga um kaupleigu eða leigu fiskiskipa.

1. gr.

Tilkynna skal til Fiskistofu fyrir 17. september 1998 um samninga um kaupleigu eða leigu á fiskiskipum sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni með aflamarki og gerðir hafa verið fyrir 1. september 1998.

Skylda skv. 1. mgr. hvílir á kaupleigu- og leigutaka og skal ljósrit af samningi fylgja tilkynningu.

2. gr.

Sé samningi um kaupleigu- eða leigu sem tilkynntur hefur verið skv. 1. gr. sagt upp eða falli hann af öðrum ástæðum úr gildi fyrir þann tíma sem kveðið er á um í samningi skal leigutaki tilkynna Fiskistofu það innan 7 daga frá því að samningur fellur úr gildi.

3. gr.

Hafi tilkynning 1. gr. ekki borist innan tilskilins tíma er kaupleigu- eða leigutaka óheimilt að flytja aflamark milli hins leigða skips og annars skips leigutaka án undangenginna viðskipta á Kvótaþingi sbr. ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 11/1998 og ákvæði II til bráðabirgða við lög nr. 12/1998.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 20. gr. laga nr. 11, 27. mars 1998 um Kvótaþing og 13. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. september 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.